

# HELMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1907.

2. blað.

## Þessi

### I.

Sunnan úr ársölum eyglóar vorboðinn flýgur.  
Yljandi, hækkandi röðull um bláhiminn stígur.  
Baðast í vermilaug fagrahvels fjörvakinn jörðin.  
Frjóangar jurta og meiða úr læðingi brjótast.  
Gullroðnar leika sér bárur um blikandi fjörðinn.  
Blærinn og fjólan í ástsælum lífsdraumi njótast.  
—Vorgyðjan ljúfa um loftið og foldina' og sæinn,  
lífinu heilsar og býður því sólríkan daginn.

Opnið nú gluggana! Látið þið loftið inn streyma  
—lífgandi, hressandi blæ hinna vorþrungnu geima!  
Blæjurnar frá, svo að blessandi guðssólin skíni  
blómunum fölu, sem eiga í kofunum heima!  
Opnið þið hurðir svo dauðaloft húsanna dvíni,  
drepanði molluna' og svæluna hrekið á klakann!  
Látið ei draugana lengur um hífýlin sveima!  
—Löng var oss nóttin og þreytandi skammdegisvakan!

Þenjið út brjóstin og lærið þið *lífið* að þekkja.  
 Lítið upp *sjálfir* frá klafa og þrælsoki hlekkja.  
 Inni er myrkrið og andleg og líkamleg megurð,  
 úti er ljósið með víðsýni og himneska fegurð.  
 Inni er dauðinn í höllum og kofum og kyrkjum,  
 Kristur er flúinn úr löggiltum heimskunnar virkjum.  
 Þreytti hann dimman og öfug og misskilin menning,  
 melétin, brunnin og rangsnúin aldanna kenning.

## II.

Nú er hann Kristur þinn kominn til blómanna ungu,  
 Kominn með ljósen gla himneskan, dýrðlegan skara.  
 Syngur um frelsið til lýðsins á lifandi tungu:  
 „Lögmál það heyr þú, ó, mannkind! sem eilíft skal vara:  
 Guð þinn er kraftur, sem gróðrinum stjórnar og eykur.  
 Guðshúsið—kyrkjan—er jörðin og sólhvelið bjarta.  
 Sálmana fuglarnir syngja, en vorblærinn leikur.  
 Sönnustu ræðuna finnurðu' í vaknandi hjarta.

„Skoðið þið akursins liljugrös lágir og háir,  
 —lærið þið spekina eilífu stórir og smáir—  
 fegurri' en Salómons gulldjásn og skróði þau skína,  
 skróyddu einsdýrðlega húmbeygðu sálina þína!  
 —Sannlega, sannlega segi' eg þér táldregni lýður:  
 syndin er dimman, sem höggorms í myndinni skríður.  
 Vorið og ljósið er sælunnar engillinn sanni,  
 sjáðu hann, þektu hann, trúðu' á hann— vertu að manni.

„Vei yður grimmynda valdstjórn með kúgun og helsi!  
 Vei yður Jehóva þjónar sem ofsakið frelsi!  
 Eitruðu nöðrur! Þér höggormar! Hvar eru verkin?  
 Heimurinn blóðstorkinn sýnir þér kærleikans merkin.  
 Sólskini vorsins í vetrarins myrkur þér breytið,  
 volaða smánið þér, svíkið og fláið og reitið.  
 Finst yður hamingja hörmungar bræðranna að þyngja,  
 heimskuna' í lögum og kristni að stækka og yngja—?“

## III.

Sólarguð! lífga oss, vek oss af vetrarins drunga!  
 Vorguð! í faðminn þinn tak þú oss gamla og unga!  
 Lífsguð! ó, sýn oss hið ljúfasta, fegursta, æðsta,  
 lát þú oss þekkja og skilja hið dýpsta og hæsta!  
 —Verði oss himininn frelsisins fyrirmynd stærsta.  
 Fegurð og yndissjón veiti oss blómdísín glæsta.  
 Hugsun vor djúp eins og hafið, með eldvilja nýjum.  
 Hjörtun eins vonglöð og söngfugl á ármorgni hlýjum.

Lífið er vor, sem að vekur til starfa og hvetur,  
 vor, sem að breytist í sumar, í haust og í vetur.  
 Vorið er líf, sem að öllum eitt aðalmark setur:  
 áfram og hærra að þekkja og skilja alt betur—  
 --Ef að þú lærir hið völduga vormál að skilja,  
 vernd er það eilíf mót dimmu og næðingi bylja.  
 Þá áttu' í sál þinni himneska vordýrð og vilja,  
 veturinn kemur þá blíður og fagur sem lilja.

*Þorsteinn Þ. Þorsteinsson.*



## „Exposition of Morality.“

Fyrirlestur eftir **St. Thorson**, fluttur á Menningarfélagssfundi í Unitara-  
 kyrkjunni í Winnipeg, veturinn 1907.



AD þykir máské óheppilega valið nafnið, sem eg hefi á þessum fyrirlestri og sumum kannske virðist það eiga illa við að það er ekki á íslenzku, þar sem fyrirlesturinn er á því máli. Eg hefi engar afsakanir að færa fyrir því aðrar en þær, að eg gat ekki fundið nafn, sem mér þótti betur eiga við efnið, og eg gat ekkert íslenzkt orð fundið, sem eg áleit að gæti táknað alveg það sama.

Það fyrsta, sem vekur athygli vort þegar vér hugsum um dygð er mismunur sá, er vér þykjumst sjá, að sumir menn eru siðferðisgóðir, en aftur aðrir siðferðisvondir. Sömuleiðis þjóðir; þær koma okkur misjafnlega fyrir sjónir, sumar dygðugar og aðrar ódygðugar. Það er ekki hinn minsti efi á því, að menn og þjóðflokkar eru mjög misjafnir hvað siðferði snertir, en þessi mismunur er í raun og veru ekki eins mikill eins og oss kemur hann fyrir sjónir í fyrstu. Hann hverfur að nokkru leyti þegar vér gætum nákvæmlega að málavöxtum. Stjórnarfar, kyrkja og trú og atvinnuvegir hafa mjög mikil áhrif á hugsunarhátt manna, og þar af leiðandi á siðferði, og þetta alt er naumast það sama hjá tveimur þjóðum, hvað þá heldur hjá fleirum. Eg ætla ekki í þetta skifti að minnast á þau áhrif, sem stjórnarfar, kyrkja og trú, hafa haft á hugsunarhátt fólks, því það hvert fyrir sig væri nóg efni í sérstaka fyrirlestra.

Hver þjóð hefir sína sérstöku dygð, sem vér getum kallað *megindygd* eða *frumdygd*. Það er að segja, að hver þjóð hefir einhverja sérstaka dygð, sem meira ber á en öðrum dygðum. Það er dygð, sem er meira eftirtakanleg („prominent“) en aðrar dygðir, og hver sá einstaklingur hjá þeirri þjóð, sem ekki er snortinn af þessari dygð, er af þessari sömu þjóð ávalt álitinn afhrak; þrátt fyrir þótt hann hefði ýmsa aðra göfuga kosti til að bera. T. d. hjá Íslendingum heima á Fróni er ráðvendni megindygd, og hver Íslendingur, sem var óráðvundur, var ekki í áliti, þótt hann væri siðferðisgóður að öðru leyti. Mannúðar og réttlætis tilfinningar hjá þeim manni sem ekki var frómur, voru að vettugi virtar af öðrum. Það að vera þjófur, var sú stærsta niðurlæging sem nokkurn mann gat hent. Aftur er ýmsum öðrum dygðum skipað framar hjá öðrum þjóðum.—Hjá Írum er skírlífi megindygd, og þótt maður meðal Íra hafi ýmsa aðra kosti og hæfileika, þá hverfa þeir, hafi hann ekki þessa dygð. Þetta kom svo ljóslega fram í afdrifum Stuarts Parnells. Hjá Ítölum og Spánverjum er tilbeiðsla og lotning fyrir guðdóminum þeirra langhelsta megindygd. Hjá ensku-mælandi konum er skírlífi aftur megindygðin. Með þessu er ekki sagt að hver einstaklingur hjá hverri þjóð sé snortinn af

megindygð sunþjóðar sinnar. Þótt ráðvendni sé Íslendinga megindygð, þá eru ekki allir Íslendingar ráðvandar. Ekki eru heldur allir Ítalir eða Spánverjar guðhraddir, og ekki heldur allar enskar konur skírlífar, en sú kona, sem einu sinni hefir *fallið*, á sér naumast uppreistar von. Hvort það sé sanngjarnt að dæma einstaklinginn þannig, er alt annað mál. Af þessu leiðir, að hverjum einstakling er gjarnt til, að dæma um siðferði annara samkvæmt þeim siðferðiskröfum (moral) og því siðferðis markmiði, sem hans eigin þjóð hefir sett. Ef Ítalinn eða Spánverjinn tæki sér bústað á meðal Íslendinga, þá mundum vér ekki verða neitt sérlega hrifnir af hans guðræknis iðkunum, en óráðvendni hans mundum vér fljótt sjá. Og ef Íslendingar tæki sér bólfestu á Ítalíu eða Spáni, þá mundu þar þjóðir litla eftirtekt veita því þótt hann væri ráðvandar, en þar mundu fljótt sjá hversu óguðrækinn hann væri. Og skírlífi Írans eða hérlendra kvenna mundi ekki vekja neina sérlega eftirtekt í sumum skandinaviskum byggðum. Af þessu er það auðsætt að þegar fleirum þjóðum lendir saman, þá veldur slíkur skoðana mismunur á megindygðunum misskilningi. Og hið sama lögmál gildir þar, sem alstaðar annarsstaðar, að sá sterkari ber sigur úr bítum. Sá siðferðismælikvarði, sem stærri þjóðin mælir siðferði manna með, hlýtur að verða gildandi. Það er því ekkert lítilsvært atriði fyrir alla þá, er flytja sig frá einni þjóð til annarar, að taka fljótt eftir því, hvaða siðferðiskröfur sú þjóð gerir, er maður hefir tekið sér bólfestu hjá. Og eg hygg, að barátta vor Íslendinga hér fyrir því, að ná því álitu að vera göfugur þjóðflokkur, hafi oft beðið hnekki vegna þess, að vér höfum ekki veitt því nógu næma eftirtekt, hverjar væru hinar ríkjandi megindygðir þeirrar þjóðar, er aðallega byggir þetta land.

Eg tók það fram, að atvinnuvegir hefðu mikil áhrif á hugunarhátt þjóðanna, og þar af leiðandi á siðferði. Atvinnugreinar eru margar og margbrotnar, og það væri ervitt verk, að gera grein fyrir því, hvaða áhrif þessi eða hin hefði haft. En vér getum markað hér um bil öllum atvinnugreinum stað milli tveggja gagnstæðra endapunkta. Flestar atvinnugreinar hallast

meira að öðrum hvorum punktinum; annar þessi endapunktur er *sparsendar-stefnan* (the thrifty principle), hinn er *fjárvogun-  
unar-stefnan* (the speculative tendency). Ef við gætum nákvæmlega að, þá verðum við þess varir, að það er talsverður mismunur á siðferði þeirra sem búa í því bygðarlagi, þar sem sparsendar-stefnan ræður athöfnum manna, heldur en þar, sem menn hallast í fjárvogunar-áttina. Sparsendar-stefnan er aðallega ráðandi í hinum gömlu löndum, sem maður kallar, að undanteknum, ef til vill, nokkrum sjávarborgum. Sú stefna er enn fremur ráðandi að miklu leyti í þeim borgum, þar sem verksmiðjuíðnaður hefir verið rekinn um langan tíma, og sú stefna finst líka við stýrið í nýjum bygðarlögum, þar sem verulegar framfaratilraunir hafa ekki vaknað eða dafnað. Í stuttu máli sagt, sú stefna er ráðandi þar, sem fólk hefir við heldur þröngan kost að búa.

Fjárvogunar-stefnan er aftur á móti ráðandi í nýjum löndum, í bæjum og bygðum, sem eru í uppgangi, t. d. eins og flestir bæir eru nú í Vestur-Canada, og sömuleiðis í sjávarkaupþúnum, jafnvel í gömlum löndum. — Fjárvogunar-tilhneigingin ríkir vanalega þar, sem fólk hefir nóg, eða að minsta kosti þar, sem fólk hefir nóg öðru hverju, þótt það vanti eitthvað annað veifið. Báðar þessar stefnur, — *sparnaðarstefnan* og *fjárvogunarstefnan*—hafa sína kosti og lesti í för með sér. Það er fátt, sem gerir menn eins reglusama og gætna, og sparnaðarstefnan; hún framleiðir hófsemi, sjálfsafneitan og í rauninni flest það, sem vér köllum *virðingaraert*. Nýtið þjóðfélag er auðugra af sannsögli í kaupum og sölum (Commercial truthfulness) heldur en það þjóðfélag, sem hallast að fjárvogunarstefnunni. Vér höfum vora eigin reynslu fyrir slíku. Eg sagði að hin eldri lönd, og þar sem verksmiðjuíðnaður hefir verið rekinn um langan tíma, hölluðust meira að sparnaðarstefnunni. Vér sjáum, að þau eru sannsöglari og vandaðri, að því er iðnað og vörugæði snertir, heldur en hin nýrri lönd, eða þeir verksmiðjubæir, sem svo að segja eru nýkomnir á laggirnar. Allir sem nokkra reynslu hafa, vita að verksmiðjuvörur, búnar til í Canada, jafnast ekki á við verksmiðjuvörur búnar til á Eng-

landi. Föt og fataefni, sem búin eru til í Manchester á Eng-landi eru betri en föt og fataefni sem búin eru til í þessu landi, og lengi hefir það verið álitid, að bezta eggjárn væri smiðað í Sheffield. Ef til vill er reynslan búin að sanna þeim, að „*value of the iron is irrefragant*“. En hið sparneytna mannfélag hefir einnig sína lesti. Menn eru þar vanafastari, og þeim er og svo hætt við að vaxa „inn í sjálfa sig“ og gjarnt til að verða sínkir og ógöfuglyndir. Fjárnvogunar-tilhneigingin þar á móti er betur vakandi, göfuglyndari og fljótari að ákvarða, en ekki eins áreiðanleg, hvað verslunarviðskiftum kemur við. Vér verðum varir við, að þetta er á meðvitund manna, þótt þeir hafi ekki alla tíð gert grein fyrir því. Vér berum ekki sama traust til manna sem hafa orðið, það sem við köllum, *snöggríkir* á fjárnvogunum eins og á þeim, sem efnaðir hafa orðið af framsýni. Eitt af því sem Ashdown borgarstjóra var talið til gildis á kosningafundum í haust var það, að hann hefði ekki orðið ríkur af fjárnvogunum. og dæmi má finna til þess, að þeir, sem aðallega hafa haft fjárn-glæfrabrögð að atvinnu, hafa falið atvinnugrein sína undir gervinafni, hafi þeir þurft að leita eftir atkvæðum almennings til að ná einhverri stöðu.

Eitt er það, sem hlýtur að vekja eftirtekt vora, að siðferði manna hefir breyzt ákaflega mikið frá því, sem það var í fornöld. Dygðir, sem þá voru í hæsta máta lofsverðar, hafa ekki hið sama gildi nú. Hetjuskapur var í fornöld einhver hin stærsta dygð, umburðarlyndi og meðlíðun var í litlu afhaldi alment. Að rekja það, hvernig þær breytingar hafa orðið, væri langt mál. Trúarbrögð og stjórnarfar eiga þar stóran þátt í. Varla mun nokkur efast um, að umburðarlyndi hefir aukist og einnig sannleiksást í verslunar viðskiftum. Hefndargirni hefir minkað. Eg gat þess, að eg ætlaði ekkert að segja um, hvaða áhrif trúarbrögð og stjórnarfar hafi haft á siðferði manna. En eg ætla að minnst á tvö atriði, sem vafalaust hafa haft mikil áhrif. Hefndargirni hefir þverrað af þeirri ástæðu, að lögreglan og dómstólarnir hafa tekið þau málefni að sér, svo einstaklingurinn hefir lítið eða ekkert með það að gera, og þar af leiðandi hefir umburðarlyndi og meðlíðun vaxið. Sannleiksást í

viðskiftum hefir aukist vegna þarfarinnar, sem samvinna (Co-operation) meðal þjóða í verslun krefst. Hvort sannleiksást í heild sinni hafi aukist er ervitt að dæma um. Menn hafa mælt henni þrjú stig, sem þeir kalla iðnaðar- (industrial), stjórnfræðilega (political) og heimspekilega (philosophical) sannleiksást. Eg hefi minst á hina iðnaðar- eða verslunarlegu sannleiksást og til þeirrar sannleiksástar tökum vér tillit, þegar vér tölum um sannorðan mann. Og hjá iðnaðar- og verslunarþjóðum er ráðvendni og sannsögli álitin beztu siðferðiseinkenni, hin æðsta skylda. Þessu stigi er ekki ervitt að ná. Næsta stig er „politískt“ sannsögli. Eg þarf naumast að geta þess, að mjög margir, sem hafa náð hinu fyrsta stigi, hafa ekki náð því síðara, og engar líkur til að þeir nái því nokkurntíma. Vér þekkjum fjölda af mönnum, sem vér þorum að treysta í verslunarsökum og peningamálum, en trúum ekki einu einasta orði, sem þeir segja okkur um pólitík. Hinu síðasta stigi ná fáir, nefnilega því, að segja satt vegna þess að það er satt. Lecky segir í bók sinni, „History of European Morals“: „Þessu síðasta stigi verður naumast náð nema af þeim, sem hefir mentað hugarfar, og það er eitt af hinum seinustu blómum, sem blómgastr í mannelegu hjarta. Vöxturinn, samt sem áður, bæði hvað politíska og heimspekilega sannsögli snertir, hefir verið ónáttúrlega hindraður af guðfræðingunum, hverra aðal-augnamid í margar aldir var að bæla niður alt það, sem ritað var gagnstætt þeirra skoðun, og sem, þegar þetta vald þeirra þverraði, reyndu að fyrirbyggja óhlutdrægni hugsana og dómgreindar og blönduðu þar inn í hugmynd um synd.“

Þetta sem eg hefi sagt, ætla eg nægi til að benda á, að það er hægra að rækta eina dygd á einum stað, heldur en á öðrum, og aðra dygd á öðrum stað. Það er mjög ervitt að rækta þá dygd, sem alls ekki eða lítt er þekt í því mannfélagi, er maður lifir í. Aftur er auðveldara að rækta þær sem eru í afhaldi hjá almenningi.

En hvað er í rauninni dygd? Er nokkuð til sem getur kallast því nafni?

Hugmyndir manna um dygd hafa aðallega verið tvær, eða



réttara sagt, menn hafa skifzt í tvo andstæða flokka viðvíkjandi hugmynd um dygð. Annar flokkurinn heldur því fram, að dygð sé að eins nafn, sem vér gefum þeim athöfnum er leiði gott af sér, að ódygð eða löstur sé nafn, sem vér gefum þeim athöfnum, sem ilt hafi í för með sér; þeir halda því fram, að reynsla þjóðanna hafi sýnt þeim og sannað, að vissar athafnir hafi haft ævinlega góðar afleiðingar annaðhvort fyrir hvern einstakling eða heildina, og menn hafi kallað það dygðir, að aðrar gagnstæðar athafnir hafi haft illar afleiðingar og menn hafi kallað það lesti. Þeir sem þessari skoðun fylgja eru alment kallaðir „Utilitarians“. Vér getum kallað það nytsemdaskoðanamenn. Þeir hafa og verið kallaðir „Epicurians“, vegna þess að kenning þeirra og lífsskoðun er mjög svipuð lífsskoðunum þess heimspækisflokks, sem kendur var við Epicurus, grískan heimspeking.

Hinn flokkurinn heldur því fram, að það sé til hjá mannum sjálfum meðvitund um það, að til sé réttlæti og ranglæti, án þess að nytsemi eða „utility“ komi þar til greina. Þessir flokkar eru kallaðir „Intuitive“; vér gætum kallað þá hugsjónamenn. Þeir eru líka kallaðir Stoikar, því lífsskoðun þeirra er mjög svipuð lífsskoðun heimspekingaflokks þess, sem Stoikar voru kallaðir. Í báðum flokkunum hafa verið margir hinir vitrustu menn, og það hafa verið ritaðar margar bækur um þetta málefni frá beggja hálfu. Eg ætla að drepa á hinar allra helstu ástæður, sem eg hefi séð færðar fram af hvorum flokki fyrir sig. Auðvitað getur það ekki orðið nema lítið, og hefi eg hugsað mér að skifta því aðallega í þrjá parta.

Fyrst: Ástæður Utilitariana.

Annað: Mótbáruur Intuitionista gegn þeim ástæðum.

Þriðja: Ástæður Intuitionista.

Utilitarnir halda því fram að athafnir vorar stjórnist einungis af sjálfsselsku (selfinterest), þeir neita því, að það sé til hjá manni það sem vér köllum velgjörðasemi (Benevolence). Þeir halda því fram, að maður sé góður af því hann viti að það hafi góðar afleiðingar fyrir hann sjálfan. Þegar einstaklingurinn geri eitthvert verk, sem auki almenningsheill, og það kosti

gerandan sjálfsafneitun, þá megi æfinlega rekja slíka sjálfsafneitun heim til eigin hagnaðar á einhvern hátt. Þeir segja maðurinn elski hrós bæði vegna þess að það sé ofur gæðfelt að vera hrósað, og svo veiti hrósið manni ýmisleg hlunnindi. Af þessari ástæðu sjái menn sér hagnað í því að gera það, sem hrósvort sé, en svo geti maður vegna rökhverfinga (association of ideas, sem vér gætum kannski kallað hugmyndakerfi) svo vanist á að gera það sem hrósvort er, að hann leggi alt í sölurnar fyrir það. Að gegnum svona rökhverfingar, þá verði það, sem í byrjun var að eins vegur að takmarki (means to an end), eða geti það orðið takmarkið. Til sönnunar þessu taka þeir dæmi af maurapúkanum. Peningar í sjálfu sér eru einskis virði, en maður getur hvorki etið þá eða klætt sig með þeim, en þeir eru eftirsóknarverðir vegna þess að vér getum keypt oss fót og fæð fyrir þá. Þeir eru því vegna rökhverfinga það, sem í byrjun var að eins vegur að takmarkinu (means to an end), þá missir maurapúkinn sjónar á takmarkinu sjálfu, nefnilega því, sem hann gat keypt fyrir peningana, og takmark hans verður að eins að safna peningum, og hann lifur fremur hungur og kulda heldur en láta einn eyri af gulli sínu. Þessi rökhverfing gagnstekur svo aðra, sem vér höfum einhver mök við. Ungbarnið segja þeir hafi enga náttúrlega eðllyndis (benevolent) tilfinning, að eins eigingirni (selfinterest), en hagr þess er í svo nánú sambandi við hagr móður þess, að það verður fljótt þess vart, að það er sjálfu því fyrir beztu að taka hennar hagsmuni með í reikninginn. Svo þegar það vex upp, þá kemur það sama fram. Á skólabekknunum finnur það fljótt að hagsmunir þess eru ofnir inn í hagsmuni sambekkinga sinna. Hið sama á sér stað í félagslífi, hvort heldur það er kyrkjufélag eða pólitík, og síðast nær það til alls umheimsins.

Þegar vér aumkumst yfir einhvern og sýnum meðlíðun, þá segja þeir það sé sprottið af þeirri rót, að oss hrylli við að verða fyrir slíku sjálfa. Þetta segja þeir komi svo bersýnilega fram í því, að vér sýnum mesta meðlíðun og hluttekning þeim sem standi oss nánast. Vér höfum meiri meðlíðun með þeim sem vér álítum að hafi orðið fyrir óláni án tilverknaðar frá þeim

sjálfum, heldur en með þeim, sem vér skoðum að á einhvern hátt hafi unnið til þess, vegna þess að vér æfinlega skoðum oss í fyrrnefnda hópnunum. Eg atla sjálfur að sýna dæmi hvernig þeir sanna að hluttekning vor náí að eins til þeirra, sem nánir oss eru, hlutfallslega meiri eða minni eftir því hve nánir þeir eru oss. Salvador Macri var hengdur hér í Winnipeg þann 15. janúár. Vér tókum meiri hluttekningu í afdrifum hans, heldur en þótt einhver annar Ítali hefði verið líflátinn suður á Ítalíu, vegna þess að hann var nær oss í rúmi. Ef Íslendingur heima á Íslandi hefði verið líflátinn á sama tíma, þá hefðum vér tekið meiri hluttekningu í afdrifum hans heldur en Ítalans, sem líflátinn var í sömu borg og vér búum í, vegna þess að hann stóð oss nær að skyldleika. Ef annar Íslendingur hefði orðið fyrir sömu afdrifum hér í Winnipeg, þá hefðum vér tekið enn meiri hluttekningu í hans kjörum, því hann var nær oss en hinn hvað rúm snerti; ef hann hefði verið okkur skyldur, þá enn meiri hluttekningu, og því skyldari því meiri. Jafnvel hefði hluttekning vor, vegna eigin hagsmuna, getað orðið á þann hátt, að vér hefðum alls ekki viljað kannast við hann og sagt eins og Pétur forðum: „Ekki þekki eg hann“.

Í trúarbrögðunum segja þeir, að hið sama komi einnig fram. Menn séu ætíð að vinna fyrir launum. Þeir segja að þau trúarbrögð, sem sérstaklega telji sér til gildis sínar siðferðis kenningar, t. d. Kristnín og Buddisín, þá séu menn dygðugir vegna launa. Buddha segir, ef þú vilt ekki verða fyrir þessu, þá máttu heldur ekki gera þetta, en kristnir kenna: „Dæmið ekki svo þér verðið ekki dæmdir, því eins og þér dæmið aðra eins verðið þér líka dæmdir“. Sælir eru þeir sem gera þetta eða hitt, því þeir munu umbun hljóta. Það er eigingirni (self-interest), sem gerir Buddatrúarmanninn dygðugann. Hann á ekki von á því að lenda í Nirvana, án þess að hann breyti vel. Það er eigingirni sem gerir hinn kristna mann góðan, því hann býst við eilífri sælu að launum, en helvítiskvölum ef hann breytir illa. Það er eigingirni, sem rekur fríþenkjarann til að vera dygðugann. Reynslan hefir sýnt honum, að ráðvendnin er raungæfust. Þeir halda því fram, að hver einasti einstaklingur

leiti sinnar eigin gæfu, og eru þar í samræmi við gömlu platónsku kenninguna, sem kölluð er; líka kenning þá sem kemur fram í Salómons bókum Gamla testamentisins, að allir lestir séu heimska. Dygðin er viturleg, en ódygðin óviturleg aðferð til að finna gæfuna. Dygðin er nokkurskonar hyggni, og lestir eru ekkert annað en óhyggni eða feilreikningur. Sá sem leitast við að bæta siðferðisásigkomulag mannkynsins, hefir tvo og að eins tvo vegi til að framkvæma það verk. Sá fyrri er, að gera það að meiri og meiri hag hvers einstaklings, sem hann gerir öðrum í hag, og hinn er að eyðileggja þá vanþekkingu sem hindrar menn frá því, að sjá sinn eigin hag. Ef skírlífi eða sannleikur eða hvað annað, sem vér köllum dygðir, lokuðu oss meiri óhamingju heldur en hamingju og eyðilegðu meiri ánægju heldur en þær orsökuðu, þá væru það ekki lengur dygðir, heldur lestir. Ef ekki er hægt að sýna oss, að það sé eigin hagnaður að iðka eitthvað, sem kallað er dygð. Þá er ekki lengur ástæða til að iðka hana, og skuldbinding vor, að gera slíkt, er horfin. Vér getum dregið alla siðferðiskenningu þeirra út úr því sem kallað er „Epicurusar fjögur guðspjöll“. Sú gleði, sem engar kvalir hefir í för með sér, er eftirsóknarverð, þá kvöl sem enga gleði hefir í sér fólagna, skyldi maður forðast. Þá gleði skyldi maður forðast, sem er hindrun fyrir stærri gleði eða framleiðir stærri kvalir. Þá kvöl skyldi maður þola, sem kemur í veg fyrir stærri kvöl eða er orsök til stærri gleði. Alla vora ánægju höfum vér frá þeim athöfnum, sem vér köllum dygð. Dygðir annara manna auka farsæld vora, og fyrir dygðir sjálfra vorra náum vér álit og trausti. Dygðin kemst því í svo náið samband við farsæld vora. Hún verður elskuð jafnvel meira en farsældin sjálf, og vér finnum til óumræðilegrar gleði, þegar vér iðkum hana og til kvala þegar vér breytum gagnstætt henni. Samvizkan, sem þannig myndast, verður vor leiðarstjarna, og svo lærum vér vegna eigin hagsmuna að fórnfæra öllu frekar en henni.

Mótmælin gegn þessari kenning hafa verið mörg sem eðlilegt er. Oss líkar ekki þessi kenning. Tilfinningar vorar og rettlætismeðvitund mannkynsins mótmæla því. Meðal allra þjóða og á öllum tímum hefir greinarmunur verið gerður á

hygni og dygd. Orðin: mannást, réttlæti, ráðvendni, sannleiksást, skírlífi, fela í sér mjög aðra hugmynd, heldur en orðin: hygni, forsjálni, hagsýni. Þessar hugmyndir geta verið samferða, en vér blöndum þeim aldrei saman. Þegar vér segjum um einhvern, að hann sé mjög heiðvirður maður, þá meinum vér aldrei með því, að hann sé maður, sem hyggilega er að leita eftir sinni eigin farsæld. Sjálfselsku athöfn getur verið saklaus, en hún verður aldrei kölluð dygd. Hvar sem vér leitum, hvort heldur hjá sjálfum oss eða öðrum, á fyrri tímum eða nú, í sögu eða í skáldskap, þá verðum vér alstaðar hins sama varir. Að þegar eitthvert gott verk er gert, þá metum vér dygd þess manns, er verkið gerði, í nákvæmu hlutfalli við það, hvort hann gerði það til sjálfshagnaðar eða ekki. Ef vér álitum, að hann hafi gert það í eigingjörnum tilgangi, þá álitum vér það enga dygd, en ef hann hefir lagt eitthvað í sölurnar, þá álitum vér það dygd. Þessi skoðun kemur alstaðar fram. Vér álitum það enga dygd að gera gott, þegar vér eigum von á launum fyrir, og þegar vér höfum gert eitthvað, sem vér álitum að hafi verlið skylda vor, og vér höfum gert það án þess að taka vörn eigin hagnað með í reikninginn, þá finnum vér til ánaðgu yfir því að hafa gert það. En ef vér höfum gert þessa skyldu vora vegna vorra eigin hagsmuna, þá neitar samvizka vor að viðurkenna það sem dygd.

Vér köllum ekki þann mann dygdugann, sem vér vitum að stal aldrei, af því hann var alt af hræddur um, að lögreglan sæi til sín, en hygni getum vér kallað það. Og ekki getum vér heldur kallað það dygd af manni, þótt hann gefi ölmusu tvisvar í viku og greiði tíund af öllu sem hann á, ef vér vitum að hann gerir það vegna þess að hann óttast að fara til helvítis, ef hann ekki geri slíkt, en forsjálni mætti það nefnast.

Locke segir á einum stað: „Ef þú spyr kristinn mann hvers vegna hann haldi orð sín, þá mundi hann svara: „Vegna þess að guð, sem býr á himnum og sem hefir í hendi sér eilífa hegning og eilífa umbun, krefst þess“. Og ef þú spyrð „Hobbista“ (Sjá Thomas Hobbes, Utilitarian) að því, þá svarar hann: „Vegna þess að það er skipað af þjóðfyrirkomulaginu, og eg verð

hýddur, ef eg geri það ekki.“ En ef þú hefur spurt einhvern af hinum gömlu heiðnu heimspekingum að þessari spurning, þá hefur hann svarað: „Af því það er hverjum manni ósambodid, að breyta öðruvísi.“ Hugmyndin sem kemur fram í síðasta svariinu er eins ólík hugmyndinni í hinum tveimur, eins og sólin er ólík reidningstorfu. Hóbbistinn og sá kristni eru að vinna fyrir launum, og vér getum ekki álitid það dygd, en heiðni heimspekingurinn er ekki að hugsa um nein eftirköst eða umbun. Hann álitur það sjálfsagt að segja satt, af því það sé satt, segja sanuleikann fyrir sanuleikans skuld, en í mörgum tilfellum væri það ekki hygri, og er það algerlega gagustætt kenningu Utilitariana, sem kenna að hygri og dygd sé eitt og hið sama, en samt mundum vér álíta hann dygdugri en hina tvo. Ef sú kenning Utilitariana væri rétt, að dygðin væri ekki annað en hygri og leitun að farsæld, þá hlyti það líka alt að vera dygd, er mesta farsæld veitti. Nú vitum vér að þær kringumstæður geta verið, þar sem afleiðingarnar af því, sem vér köllum glæpi, geta verið góðar. Það er varla sú athöfn til, sem vér nefnum ódygdir, þjófnaður, rán, morð, lýgi, að við getum ekki hugsað okkur þær kringumstæður, að öll þessi verk, væri þau framin, hefur betri afleiðingar, heldur en ef þau væri óframin. En ef breytt væri samkvæmt þessari reglu, mundi öll mannfélagsskipun komast á ringulreið. Utilitarianar hafa reynt að verja þetta, en sú vörn þeirra er töluvert flókin og virdist ekki vera á sterkum rökum byggð. Margt fleira hefur verið rætt og ritað gagnstætt kenningu þeirra, en það er naumast tími til að minnst á fleira.

Þá komum vér að því síðasta, nefnilega ástæðum þeirra „Intuitionistanna“. — Þeir halda því fram, að frá náttúrunnar hendi höfum vér þegið þá gáfu, að vilja gera það sem gott er, en ekki það sem ilt er. Þeir neita alls ekki, að afleiðing af dygðum sé góð, þeir fyllilega eru Utilitarianum samdóma í því, en þeir halda því fram, að það góða, sem dygðin hafi í för með sér, sé fremur afleiðing af dygd, heldur en orsök til dygða. Þeir halda því fram fyrst, að vilji vor stjórnist ekki eingöngu af því lögmáli, er þekkir að eins ánægju og bö, heldur stjórnist

hann líka af skyldulögmáli, sem vér finnum að sé fjarlægð hinu fyrra. Og í öðru lagi að meðvitund um skyldu sé innri meðvitund um það, að ýmsar vorar mismunandi tilfinningar og hugrenningar séu sumar góðar, sem vér eigum að rækta, en sumar vondar, sem vér eigum að bæla niður. Þeir halda því fram, að það sé sálarfræðislega satt, að vér höfum sjálfsméðvitund um að vorar mannúðartilfinningar séu æðri en þær heilfræðisfullu, sannleiki æðri en lýgi, réttlæti fremur en ranglæti, skírlífi fremur en saurlífi, og að á öllum tímum og alstaðar hafi vegir dygðarinnar stefut að hinum æðri tilfinningum, en ekki hinum lægri. Það getur verið að skyldutilfinningin sé svo veik að hinar lægri hvatir hafi yfirhöndina. Ýmsar kreddukennningar geta og svo vilt fyrir oss sjónir. En fyrir ofan allt þetta skín þessi sannleiki. Enginn sem óskar þess að verða betri og helgari ímyndar sér að hann geti orðið það með því, að verða heiftærknari eða lýgnari eða óskírlífari. Sérhver sem óskar að verða fullkominn hneigist fremur að mannúð, sannleiksást og skírlífi.

Þeir, sem halda fram „intuitive“-kenningunni, viðurkenna erviðleika á því, að sanna rökfræðislega tilveru eðlishvatar til dygða. En þar sem svo margt bendi til, að hún sé meðfædd hjá mannaum, án uppeldis, og þar sem aðrar eðlishvatir séu manni meðskapaðar, sem ekki séu háðar uppeldi, þá sé það nægileg sönnun. Þeir taka t. d. fegurðartilfinning, og mundu þeir setja upp dæmi svipað þessu til að sanna mál sitt. Öll hljótum vér að viðurkenna að fullorðni maðurinn hefir fullkomnari fegurðarsmekk heldur en þegar hann var barn. Vér skulum hugsa oss listamann eða mann, sem hefir vit á málverkum. Á barnsaldri eða meðan fegurðarsmekkur hans var lítt þroskaður, þá hafði hann meiri unun af þeim myndum, sem höfðu sterka liti og grófa drætti, heldur en þeim, þar sem drættirnir voru finni og litbrigðin listhæfari. Að því leyti er hann ekki undantekning frá öðrum börnum. Þau eru öll svo skapi farin, þó nokkur þroskist upp úr því ástandi. Þegar hann er orðin vaxinn, þá hefir hann breyzt og nú þýkir honum lítið varið í sterka liti og grófa drætti, en þýkir miklu meira varið í það málverk, þar sem litbreytingar og fínir drættir gera málverkið listaverk.

Mjög sjaldan mun það þó vera, að fullorðni maðurinn hafi eins hreina og ómengaða gleði af því að skoða þetta listaverk eins og hann hafði, þegar hann var barn, og var að horfa á sterku litina og grófu drættina. En vill hann skifta á tilveru sinni við það þegar hann var barn? Það er óhætt að fullyrða, að slíkt á sér mjög sjaldan stað. Það væri þó nytsemi („utility“). Ef barnið er lukkulegra yfir sínu leikfangi, heldur en fullorðni maðurinn er yfir listaverkinu, og hann, fullorðni maðurinn veit það, en vill þó ekki skifta um, þá er eitthvað annað sem ræður þeirri tilfinningu en hagsvon. Hvað er það þá sem ræður þessu? Það er hans eigin meðvitund um að hann er kominn á æðra stig — meðvitund um það, að hann hefir þroskast frá því að hann var barn, og hann vill ekki missa þann þroska, þrátt fyrir það, þótt í boði væri á móti meiri lífsgleði, heldur en þessi þroski gæti veitt honum.

Hið sama er að segja um söng eða músik. Ef að þér hafið veitt því nokkra eftirtekt, þá munuð þér hafa tekið eftir því, að á söngskemtunum eða hljóðfæraskemtunum, ef söngur eða músik er af nokkurri list, að það kemur aldrei fyrir að neinn, sem virkilega hefir vit og unun af söng, fari þaðan út með galsa og hlátri, nema því að eins að eitthvert annað óskylt atriði hafi vakið það. Meira að segja, það vakna hjá honum tilfinningar, sem standa nær gráti en hlátri, en hinn aftur á móti, sem minna vit hefir, er kátur. Vill nú sá sem meira vit hefir á söng, en sem þó ekki getur hlustað á söng án þess að vikna, skifta ásigkomulagi við þann sem minna vit hefir, en viknar aldrei, hversu vel sem sungið er? Nei, alls ekki. Því þá ekki? Það væri þó nytsemi. Því vill hann ekki skifta við þann, sem hefir meiri nautn af lífinu? Það er af sömu ástæðum og í hinu tilfellinu. Hann veit að hans skoðun og tilfinningar eru æðri en hins, og þess vegna vill hann ekki skifta þrátt fyrir, þótt hægt sé að færa rök fyrir því að slíkt væri hagnaður.

Einu sinni var eg staddur á leikhúsi og var leikinn sjónleikur nokkur. Það sátu tveir menn hjá mér, sem eg þekti. Það sat sinn við hvora hlið mér. Þegar fram í leikinn sótti, kom þar atriði fram, sem í sjálfu sér var ákaflega átakanlegt



(pathetic) og hugðnæmt, en var sett dálftið hlægilega fram í leiknum. Annar þessara náunga skellihló, en eg sá að hinn táfeldi (ekki af hlátri). Svo um kveldið var eg spottakorn samferða þeim sem hló, og spurði eg hann hvernig honum hefði þótt leikurinn. Hann sagði „ágætlega“. Kvaðst hann hafa haft einhverja þí beztu skemtun. „Já, eg sá að þú hlóst dátt. En tókstu eftir honum“, og eg nefndi manninn á nafn, sem sat hinummeginn við mig, „Já“, sagði hann, „mér virtist hann gráta“. Eg svaraði á þá leið að hið sorglega í leiknum mundi hafa hrifið hann meira heldur en það hlægilega. „En hann hefði átt að vita að þetta er tilbúningur altsaman og naumast þess vert, að skæla út af því,“ svaraði hann.

Eg hélt nú að hann sjálfur hefði líka vitað það sama, nefnil., að það væri skáldskapur, en þó hefði hann ekki getað varist hlátri. „En það var svo hlægilega sett fram“, svaraði hann. Daginn eftir hitti eg hinn manninn og spurði hann hvernig honum hefði þótt leikurinn í gærkveldi. „Hann var ágætur“, svaraði hann. „Skemtir þú þér þá vel?“ spurði eg. „Já“, svaraði hann. „Mér virtist leikurinn hafa töluvert ólík áhrif á þig og hinn manninn“, sem eg nefndi. „Hann skellihló, en þú grézt. Heldur þú nú ekki að hann hafi skemt sér betur en þú?“ „Já, vissulega“, svaraði hann. „Það er varla efi á slíku. Hans gleði sýndist vera ómengduð, en mín var óneitanlega blönduð sorg. En því er nú samt svo varið, að eg vil heldur hlusta og horfa á sjónleik þar sem einhver „pathos“ er, heldur en á kómedíu, jafnvel þó eg gráti við að hlusta á hið fyrra, en hlægi við að því síðara“. „Þú vildir þó sjálfsagt hafa skifti á tilfinningum í þessu atriði við mann þann sem hló í gærkveldi, þegar þú viðurkennir að hann hafði meiri ánægju af leiknum en þú?“ spurði eg. „Nei“, svaraði hann og leit stórum augum til mín. „Maðurinn hló í gærkveldi af því hann er hreinn bjálfi og skildi ekki það sem verið var að fara með, og þótt hann sé ríkur en eg fátækur, þá vildi eg ekki hafa skifti þótt eg fengi alt hans fé í milligjöf.“ Ef engin eðlishvöt er til hjá mannum nema sjálfsumhyggja, því vildi ekki þessi maður

hafa skifti á tilfinningum við hinn, þar sem— hefði slík skifti getað átt sér stað—hann hefði grætt svo mikið, fengið meiri ánægju og fé í viðbót? Hvað var það sem hindraði hann frá því að vilja skiftin? Það, að hann vissi að sínar tilfinningar voru æðri tegundar en tilfinningar hans. Og á sama hátt gerum vér greinarmun á dygd og ódygd. Vér finnum til þess að vér viljum ekki láta það fyrra í sölurnar fyrir það síðara, jafnvel þótt vér ættum von á fé og farsæld í milligjöf.

Í þessu sambandi vil eg minnast á enn eitt dæmi, er ljóslega sýnir að vér ekki æfinlega sækjumst eftir því sem mesta glaðværd hefir í för með sér. Kunningi minn einn, sem töluvert var hneigður fyrir bækur, einkanlega sögu og skáldsögur, og hefir að mínu áliti töluverðan smekk fyrir skáldsagna gildi, hefir sagt mér, að engan kafla í skáldsögum lesi hann eins oft og 24. kapítulann í síðari kaflanum af „David Copperfield“ eftir Dickens, og þó geti hann aldrei lesið hann án þess að tárfa. Því les hann þenna kafla oftast en aðra, þar sem hann getur ekki tára bundist? Það er af sömu ástæðum og fyrir manninum, sem vildi heldur hlusta á tilfinningamál, heldur en eingöngu það hlægilega.

Í skáldskap kemur það oft í ljós, að höfundarnir skoða ekki hagsmuni aðaltakmarkið. Það kemur fram bæði hjá sögu-skáldum og ljóðskáldum. Eg ætla að minnast að eins á tvö dæmi. Annað dæmið ætla eg að taka úr því mesta meistara-verki heimsins hvað söguskáldskap snertir, nefnil., Auðnuleysinginn, „Les Miserables“, eftir Victor Hugo. Söguhetjan í þeirri sögu er galeiðapræll nokkur, sem heitir Jean Valjean. Hann hefir verið þrælkaður á galeiðunum í Toulon í 19 ár. Svo er hann látinn laus. Á leiðinni heim í þorpið sem hann var uppallinn í, þá vildi honum til sú óhamingja, að hann tók silfurpening af dreng nokkrum, sem hann mætti og sem tilheyrði þjóðflokki þeim sem kallaður er Savoyard. Slíkt verk gerði hann í nokkurskonar leiðslu, en tildrögin til þess eru oflangt mál til að skýra frá því hér í kveld. En þegar Jean Valjean rankar við sér, þá veit hann það, að komist þetta verk upp um sig, þá varðar það lífsþrælkun á galeiðunum. Hann setur

sér þess vegna það aðallífsmark, að fela nafnið Jean Valjean. Og honum tekst það svo vel, að eftir fá ár er hann orðinn borgarstjóri í bæ nokkrum, sem nefndur er M.— sur M— og er þar þektur með nafninu Monsieur Madaleine. Og dugnaður þess manns er svo framúrskarandi að bærinn eða þorpið sem áður var í allræmestu niðurlagning verður eitt af hinum allra blómlegustu þorpum á Frakklandi. Allir bæjarbúar virða hann og elska sem föður og hann ber föðurlega umhyggju fyrir öllum. Þannig líða nokkur ár. Þá er honum eitt sinn borin sú fregn, að það sé búið að taka mann fastan suður í Arras fyrir þjófnað á eplagrein og að sá maður sé Jean Valjean galeiðaþrællinn, er var 19 ár á galeiðunum og sem rænti Savoyard-drenginn silfurpeningnum, og að það liggi ekkert fyrir honum annað en að verða dæmdur til lífsþrælkunar á galeiðunum. Raunar beri þessi maður á móti því að hann heiti Jean Valjean, en segist heita Champ Mathieu, og hann komi ofboð bjálfalega fram. En slíkt hafi enga þýðing, því þrír galeiðuprælar sem voru með Jean Valjean á galeiðunum hafi borið vitni í málinu og þeir þekki hann allir sem Jean Valjean. Þar á ofan hafi lögregluumsjónarmaður nokkur, sem aldrei hafi skjátlást, þekt hann, þegar Monsieur Madaleine eða sá rétti Jean Valjean heyrði þetta þá bregður honum ærið mikið. Og svo fer hann að hugsa, og hugsun hans er nokkurnvegin á þessa leið: Allan þann tíma sem líðið hefir frá því hann rænti Savoyard-drenginn hefir hann leitast við að fela nafnið Jean Valjean og hann hefir mest óttast að það mundi samt finnast og að sá sem findist með því óhappa nafni gæti naumast talist lengur með þeim lifandi. Og nú er maður fundinn með þessu nafni. Nú er honum, Monsieur Madaleine, öldungis óhætt. Einstaklingurinn sem þetta vöðanafn hefir fest sig við suður í Arras, verður dæmdur til æfilangrar þrælkunar á galeiðunum í Toulon, og svo er ekkert meira um það. Hvorki hin svokallaða réttvísi eða nokkur einstaklingur hefir lengur ástæðu til að grenslast frekar eftir þessu. Jean Valjean er fundinn og fengið sín makleg gjöld. Hér eftir verður hann undir umsjón fangavarðar og ekkert frekar að óttast. Nú loksins er hann óhultur. Er nokkuð rangt við þetta? Lát-

um okkur sjá? Champ Mathieu, eða sá sem kallar sig svo, er eftir framkomu hans að dæma einn af þessum mönnum, sem ekki hafa ákaflega næmar sálartilfinningar, þar að auki gerir hann mannfélaginu ekkert sérstakt gagn og það missir ekki neins þótt hann verði dæmdur á galeiðurnar. En hann sjálfur borgarstjórinn í M.—sur M.— og sem öll velferð þorpsins hvílir á. Hann veit að ef hann skyldi gefa sig fram sem hinn rétti Jean Valjean, þá muni þær verksmiðjur sem hann hefir sett á fót í bænum kollvarpast á augabragði, og þorpið fara í sömu niðurlægingu og það var í áður, er hann kom þangað. Allar þær hjúkrunarstofnanir, sem hann hefir komið á fót, verða að engu. Er það ekki rangt að leggja þetta allt í sölurnar til að frelsa þenna ræfil. Það er ekki hans eigin velferð eingöngu, sem hér er um að ræða, heldur fjölda annara. Og er það ekki guðleg forsjón sem hér ræður þessu? Hefir hún ekki hönd í bagga hér með? Hefir hún ekki komið því svo fyrir að þessi Champ Mathieu sé tekinn í hans stað svo hann (Monsieur Madaleine) geti haldið áfram þessu þarfa verki, sem hann hefir nú byrjað? Á hann að fara að taka fram fyrir höndurnar á forsjóninni? Um þetta er hann að brjóta heilann heila nótt. Og hver verður svo niðurstaðan? Sú, að það sé rangt að láta Champ Mathieu líða fyrir þann glæp, sem hann hafi ekki drýgt. Alt það gott sem gæti leitt af því að Monsieur Madaleine héldi áfram að verða borgarstjóri í M.—sur M.— verður að víkja. Þótt sú virðing, sem bæjarbúar hafa borið fyrir honum, hljóti að snúast í fyrirlitning, og þótt hann hljóti að eyða því sem eftir er af æfinni á galeiðunum, þá dugar ekki að horfa í slíkt. Og í dögun leggur hann á stað suður til Arros og gefur sig þar lögreglunni á vald sem hinn rétta Jean Valjean.—Þannig lætur Victor Hugo þenna mann kasta öllum hagsmunum fyrir borð, leggja allt í sölurnar fyrir réttlætið.

Hitt dæmið sem eg sagðist ætla að minnst á, er kvæði í kvæðabók Þorsteins Erlingssonar, sem hann nefnir „Skilmálarnir“. Úr því ætla eg að fara með tvö erindi:

„Ef þú ert fús að halda á haf, þó hrönnin sé óð,  
og hefir enga ábyrgð keypt í eilífðar sjóð,

en letur bátinn bruna djarft um boða og sker:  
þá skal eg sæll um sjóinn allan sigla með þér.

Og seinast þegar svarta nóttin sigur á lönd,  
og dökkar hrannir hrynja um knör og hvergi sér strönd,  
þá láttu bátinn horfi halda, hvert sem hann ber:  
og eg skal sæll á svarta djúpið sigla með þér."

Það er óþarfi að benda á, að hér er ekki verið að hugsa um eigin hagsmuni (Utility).



## Davíð konungur og dómstólarnir.


Nú um tíma hefir umfaraprédikari evangelisku kyrkjunnar hér í landi, Dr. Alexander Torrey, verið að halda bænasamkomur og afturhvarfsprédikanir í borginni Montreal. Dr. Torrey er frægur afturhvarfsprédikari og hefir ferðast allvíða, þar á meðal til Englands á umliðnu ári. Hefir honum verið líkt við Moody og Wesley og aðra fræga evangeliska prédikara frá fyrri og síðari tímum.

En ekki ósvipað þeim er hann mesti íhaldsmaður í trúmálaskoðunum og tekur alt sem óyggjandi, er kyrkjan hefir nokkru sinni haldið við.

Þar í borginni er maður, sem heitir Norman Murry, efnaður allvel látin, en talinn fríhyggjandi í skoðunum, og eitt sinn sektaður fyrir útgáfu á ritum. Dr. Torrey réðst á mann þenna í ræðu, er hann flutti í St. James Mepódista-kyrkjunni þar og líkti honum við Davíð konung. Hann sagði að Davíð hefði verið stór syndari, en yðrast og fengið fyrirgefningu. Eins gæti Mr. Murry öðlast fyrirgefningu, þótt hann væri fangelsis sekur fyrir rit sín og kenningar, ef hann vildi snúa sér til trúar.

Murry þótti virðingu sinni hallað með því að vera borinn saman við Davíð konung, og stefndi klerkinum fyrir meiðyiði. Dr. Torrey beiddist afsökunar á nmmælunum, en Murry gerði sig ekki ánægðan með það, en vildi láta dómstólana skera úr hvort ekki væri hnekt virðingu manna með því að líkja þeim við Davíð, og varð svo að vera. Var klerkurinn dæmdur til \$200 útláta og að afturkalla orð sín.

Þótti mál þetta fáheyrt og allbroslegt og virðist mörgum sem frekar sé farið að snjást helgislæður patriarkanna og annara fornra dýrðlinga, er það teljast meiðyiði og varðar útlátum að líkja mönnum við þann sem umfram aðra á Gamla testamentis dögum var talinn maður „eftir guðs hjarta“. Hvað virðist bókstafstrúarmönnum um dóm þenna? Hér væri efni til íhugunar fyrir séra Kristinn að útskýra fyrir „*alþýðu manna*“



## Smásögur úr „Talmud“-inum.

### I. Sannleikur.

Þá guð var í þann veg að skapa manninn söfnuðust englarinnir í kringum hann. Nokkrir þeirra opnuðu varir sínar og ákölluðu hann segjandi: „Skapa, ó, drottinn, verur, er vegsami þig frá jörðunni, eins og vér syngjum um þína dýrð á himnum“.

En aðrir sögðu: „Heyr vora bæn, Almáttugi Konungur, skapa ei fleira. Hin dýrðlega eining himnanna, er þú hefir jarðríki veitt, væri með því rofin. Af mannum verður hún eyðilögð“.

Djúp þögn féll yfir herskarana andvígu, er Miskunnsemdanna Engill tærði sig fyrir náðarhásætið og kraup á kné. Í viðkvæmum róm sagði hann með bænarröðum: „Faðir minn! skapa mann og ger hann eftir þinni heilögu mynd og líkingu. Hjarta hans vil eg fylla guðdómlegri meðaumkun og hræra sál

hans með himneskum góðvilja til allra lifandi skepna, svo að hans vegna fái þær allar vegsamað þig“.

Og Miskunnsemdanna Engill þagnaði, en með tárvotum augum tók Engill Friðarins svo til máls:

„Algóði guð, skapa ei manninn. Friði þínum spillir hann. Blóði drifin verða spor hans um heiminn. Voði og skelfing, stríð og styrjaldir flekka jardríkið og þaðan af meðal þinna handaverka finnur þú ekki fagran blett á jörðinni“.

„Þá svaraði Engill Réttlætisins í köldum róm: „Og þú skalt dæma hann og hann skal verða undirgefinn mínu valdi“.

Engill Sannleikans gekk þá fyrir hásetið og sagði: „Lát það vera sannleikans guð. Með manninum sendir þú lygar á jörð“.

Því næst urðu allir hljóðir. Út yfir þögnina ómælanlegu hljómuðu orðin helgu:

„Þú Sannleikur skalt fara með honum til hans bústaðar á jörðinni, en eiga samt bústað á himnum. Milli himins og jarðar skaltu líða og samantengja heimana tvo“.

## II. Dauðinn.

Maðurinn fæðist í heiminn með saman krepta hnefana. Hann deyr og höndin er útrétt. Þá hann byrjar að lifa girnist hann að hrifsa alt til sín, en er hann skilur við heiminn gengur alt úr greipum hans, er hann hefir safnað. Ber og nakinn kemur hann í heiminn, ber og nakinn hverfur hann á burt. Dæmi þessa er sagan af Alexander.

Einhverju sinni reikaði hann að hliðum Paradísar og barði að dyrum, svo lokið væri upp.

„Hver ber?“ spurði Varðhaldsengillinn.

„Alexander“. „Hver er Alexander?—„Alexander—hann Alexander—Alexander mikli,—sigurvégari heimsins“. „Vér þekkjum ekki þann mann“, svaraði Engillinn. „Hlið þetta er drottins og hér innganga eingöngu réttlátir menn“.

Alexander baðst þess þá, að hann fengi eitthvað til merkis um að hann hefði komið að hliðum Paradísar, og var honum

fengið örlítið brot af höfuðskel. Brot þetta sýndi hann vitringunum, er lögðu það á metaskálar og steypiti hann ógrynni af gulli og silfri á móti, en þó varð sú skálin léttari. Helti hann þá meira og lagði ofan á kórónu sína, gimsteina sína og höfuðdjásn. En enn þá óg hauskúpubrotið niður skálina. Tók þá einn vitringanna nokkur duftkorn af jörðinni og lét ofan á beinið, og sjá! Við það lyftist skálin upp.

Bein þetta var umgjörð mannsaugans. En ekkert seður mannlegt auga nema duftið, er að síðustu hylur það í gröfinni.

Þegar réttlátur maður deyr, bíður heimurinn skaða. En gimsteinninn verður ætíð gimsteinn, þótt hann garki úr eigu fyrra eigandans, en sannarlega má eigandinn syrgja.

Lífið er umbreytingar skuggi segja ritningarnar. Eins og skuggi frá turni eða tré, skuggi er varir um stund? Nei, heldur eins og skuggi fugls, sem er á flugi. Það líður svo úr aug-sýn og hvorki fugl né skuggi nema staðar.

*Aths.:*— Eins og sjá má af þessum útdrætti, svipar sögum og líkingum Talmudsins mjög til dæmisagna Jesú í N. T. Enda er hann oft nefndur Nýja Testamenti Gyðinganna.

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.